

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jóhönnu B. Bjarnadóttur og Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti, Ernu Jónsdóttur frá efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Björgu Fenger frá velferðarráðuneyti. Málið var sent til umsagnar til velferðarnefndar en engar athugasemdir bárust.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2009, frá 4. desember 2009, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2004/113/EB frá 13. desember 2004 um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu. Sex mánaða frestur, samkvæmt EES-samningnum, til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 4. júní 2010. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála frá 1. október 2010.

Með tilskipuninni eru settar reglur til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kynferðis vegna viðskipta með vöru og þjónustu, með það að markmiði að koma til framkvæmda meginreglunni um jafna meðferð karla og kvenna.

Innleiðing tilskipunar 2004/113/EB kallar á lagabreytingar hér á landi og hyggst velferðarráðherra leggja fram lagafrumvarp á næsta löggjafarþingi til innleiðingar á ákvæðum hennar. Innleiðingin mun hafa í för með sér breytingar á lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt verður skoðað hvort breyta þurfi lögum nr. 30/2004, um vátryggingarsamninga. Velferðarráðuneytið mun vinna að innleiðingunni í nánú samstarfi við efnahags- og viðskiptaráðuneytið og Jafnréttisstofu. Ef innleiðingin leiðir til breytinga á lögum um vátryggingarsamninga verður einnig haft samráð við Fjármálaeftirlitið og starfandi tryggingafélög á markaði. Ekki er gert ráð fyrir að efni tilskipunarinnar hafi í för með sér teljandi efnahagsleg eða stjórnsýsluleg áhrif. Í umræðum innan nefndarinnar komu m.a. fram efasemdir hjá nokkrum nefndarmönnum um hvort tilskipunin stuðli í reynd að jafnrétti kynjanna en nefndin telur hins vegar óhjákvæmilegt annað en að samþykkja tillöguna.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Bjarni Benediktsson, Helgi Hjörvar og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. maí 2012.

Árni Þór Sigurðsson,
form.

Árni Páll Árnason,
frsm.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Ólöf Nordal.

Mörður Árnason.